

Mái

Pési

160.tbl. 13. Árgangur maí 2003
Útgefandi Hrunamannahreppur.
Ritstj. Svanhildur Pétursdóttir
Sími: 486-6617 . Hs. 4863410
GSM.869-3094
E-mail hrúni@mmedia.is

Ágætu lesendur!

Gleðilegt sumar og takk fyrir veturinn
Þessi Pési sem nú berst ykkur er sá 160.
frá upphafi. Það er því greinilegt að þetta blað
er komið til að vera og verður trúlega enn stærra
og efnismeira eftir önnur 160 eintök.
Í júní er stefnt að því að blaðið komi út 12. júní
og skilafrestur á efni er til 8.júní..

Ritstjóri

Frá sundlauginni á Flúðum.
(Gildir frá 23. maí)

Opnunartími:

Mánudaga til föstudaga	10:00-22:00
Laugard og sunnudaga	09:00-19:00

VÖNDULL ehf.- FLUTNINGAÞJÓNUSTA

Daglegar ferðir REYKJAVÍK – FLÚÐIR og nágr.

**Vöruafgreiðsla í Rvk., AÐALFLUTNINGAR
ehf.**

Vatnagarðar 6, sími: 581-3030.

**Brottför frá Reykjavík: mánud - fimmtud. kl. 17.00
og föstud. kl. 16.00.**

**Nánari upplýsingar Jóh. Unnar Guðmundsson
Sími: 898-3741 Högnastíg 1, Flúðum.**

BÓN---ÞRIF

Tek að mér bón, þvott eða alþrif á bílnum þínum.

Nota einugis hágæða bílabón og hreinsivörur.

Vönduð vinna góð þjónusta.

Fólksbíll: bón= 2500,-alþrif= 3500

Jeppi: “ 3000,-alþrif= 4000

(verðsamkomulag á teflonbóni)

Get sótt bílinn ef þörf krefur.

Uppl og pantanir í síma 866-9633 Erlingur Þór

Kassabílarallý!!!

Fyrirhugað er að halda kassabílarallý
á 17.júní 2003.

Ungir sem aldnir farið nú að smíða.

Nánar auglýst síðar. Nefndin.

Hár-Hrun

Verðum í Félagsheimili Hrunamanna
föstudagana
23 maí,

6..júní og 20..júní.

Pantið tímanlega.

Tímapantanir í síma:

486-6001 Sigrún og 486-5535 Inga Birna.

Einnig á hársnyrtidegi 823-8326 og 899-9665.

Hárgreiðslustofan í Árnesi er opin á
mánudögum og þriðjudögum. s: 486-6084



Atvinna atvinna atvinna

*Verzl. Strax á Flúðum óskar eftir að ráða
starfsfólk í vinnu sem allra fyrst.
Upplýsingar gefur Verzlunarstjóri á
staðnum.*

FLÚÐALEIÐ ehf.

Vöruflytningar

ferðaáætlun

þriðjudaga - fimmtudaga - föstudaga
brottför frá VM kl 15:00

Frá: **VM-Flytjanda** flutningamiðstöðinni.

Klettagörðum 15, Reykjavík.

VINSAMLEGAST PANTIÐ DEGI ÁÐUR

Pálmar: 892-2370 Birgir Þór: 892-2371

Heimasími: 486-6685 Fax: 486-6693

Netfang: fludal@binet.is

Flytjandi

- á réttri leið

Góður bíll

Til sölu Subaru Impreza árg. 1998, ekinn 75 þús. 4wd, hátt og lágt dirf, geislaspilari, vetrar- og sumardekk. Verð 800 þúsund. Áhvílandi 460 þús, afb. á mánuði 15 þús. Upplýsingar í síma 421-1269 og 821-2690.

Jeppadekk og felgur

Til sölu grófmynstruð 33" jeppadekk 12,5 á breidd. Einnig 12" whitespoke felgur. Selst saman eða sitt hvoru lagi. Upplýsingar í síma 421-1269 og 821-2690.

Tapað armband.

Silfurlitað segularmband tapaðist á Flúðum í mars. Finnandi vinsamlegast hafið samband við Ingibjörgu í síma 486-6617.

Iðandi dagar 2003.

Iðandi dagar 2003 verða að þessu sinni haldnir um Jónsmessuhelgina (20. - 22. júní) og Verslunarmannahelgina (1. - 4. ágúst). Ferðamálanefnd auglýsir eftir einstaklingi sem er tilbúinn að starfa við hlið Önnu Kr. Ásmundsdóttur við framkvæmd Iðandi daga. Fyrir utan vinnu á fyrrgreindum helgum er um að ræða viku á undan og nokkra daga eftir hvora helgi fyrir sig. Viðkomandi þarf að hafa bílpróf og brennandi áhuga á að láta hlutina ganga upp. Nánari upplýsingar veitir Anna í síma 896-6430 / 486-6430. Jafnframt auglýsir nefndin eftir áhugasömum einstaklingum og fyrirtækjum sem vilja ganga til samstarfs á Iðandi dögum. Áhugasamir hafi samband við Önnu Ásmundsdóttur. Ferðamálanefnd Hrunamannahrepps.

Á einhver ORBITREK tæki, sem hann vill selja mér?

Kristín. 486-6665 692-6665

Sumaropnun Bókasafns Hrunamanna

Frá 1.júní 2003.

Mánudaga kl. 20-21

Miðvikudaga kl. 16-18

Fyrir sumarfríð

Stóraukið úrval ferðahandbóka

Fyrir sólbaðið

Handhægar kiljur á íslensku, ensku, dönsku og þýsku

Arnarfellsferð

Nokkur pláss enn laus í 8 daga hestaferð í Arnarfell 27 júlí.

Umhugsunarfrestur rennur út 8 júní!!!

Missið ekki af þessu einstæða tækifæri að komast í

Arnarfell á fallegasta og

blómlegasta tíma sumarsins!!!!

Upplýsingar í síma 486-6079 og 848-0969

Frá Fimleikadeild UMFH.

Nú er fyrsta starfsvetri Fimleikadeildar Ungmennafélags Hrunamanna lokið.

Aðsókn í fimleikana varð mun meiri en ráð var gert fyrir í upphafi hausts og er það mjög gleðilegt að svo mörg börn vilji vera með. Þetta eru börn fædd 1992-1997 og eru úr Skeiða- & Gnúpverjahreppi og úr Hrunamannahreppi. Þjálfari í vetur var Bente Hansen, íþróttfræðingur frá Birkikinn í Gnúpverjahreppi og henni til aðstoðar voru stúlkur úr 9. bekk Flúðaskóla, þær Ingibjörg Skúladóttir, Raket Hannibalsdóttir og Aldís Þóra Harðardóttir. Í janúar bættist svo Sigríður Bogadóttir, frá Selfossi aftur í hópinn eftir barnsburðarleyfi.

Á síðustu æfingu fyrir jólin var brugðið útaf hefðbundnum æfingum og farið í ýmsa leiki og boðið uppá kókómjólk og piparkökur. Sunnudaginn 6. apríl s.l. var farið í heimsókn til fimleikadeildar Þorlákshafnar. Starfsemi fimleikadeildar Þorlákshafnar hefur verið öflug og hafa margar stúlkur tekið þátt í hinum ýmsu keppnum. Þær sýndu okkur m.a. dansatriði og stökk á trambólíni. Hápunktur ferðarinnar var samt þegar börnin fengu að prufa loftdýnuna sem fimleikadeildin í Þorlákshöfn eignaðist fyrir u.þ.b. ári síðan. Það þurfti ekki að segja þeim tvisvar að þau mættu spreyta sig á dýnunni eftir að hún var blásin upp!

Á heimleiðinni var svo stoppað á Selfossi og allir fengu pizzur, gos og ís.

Á sumardaginn fyrsta lauk svo vetrarstarfinu með fimleikasýningu. Um 50 börn tóku þátt og fengu þau öll viðurkenningu að sýningu lokinni.

Á aðalfundi deildarinnar sem haldinn var þann 13. febrúar s.l. var verið að velta vöngum yfir tækjakaupum. Til þess að starf deildarinnar geti þróast og vaxið þarf að fara úti kaup á tækjum. Ákveðið var að reyna að kaupa loftdýnu einsog þessa sem prufuð var í Þorlákshöfn. Hún kostar mikið en er talin mjög góð. Stjórnin er því að leita hagstæðra innkaupa og leita allra leiða til að fjármagna kaupin.

Ef þetta yrði að veruleika myndi það verða mikil lyftistöng fyrir fimleikadeildina.

Að lokum þökkum við krökkunum kærlega fyrir skemmtilegar stundir og góða ástundun og einnig þökkum við þeim fjölmörgu sem komu að horfa á fimleikasýninguna okkar.

Við stefnum svo á að hefja starfið aftur í september og verður það auglýst síðar.

Með ósk um gleðilegt sumar.

Stjórn Fimleikadeildar UMFH
Halldóra Hjörleifsdóttir, formaður
Arnheiður S. Þorvaldsdóttir, ritari
Áslaug Bjarnadóttir, gjaldkeri

Frá Kvenfélagi Hrunamannahrepps.

Ársfundur SSK verður haldinn í Félagsheimili Hrunamanna laugardaginn 17 maí og hefst hann kl.11.00

Nú er lag fyrir þær konur sem hafa áhuga á starfi SSK að mæta.

Þessi fundur er opinn fyrir allar félagskonur.

Kveðja.
Stjórnin

Stuðningsaðilar og starfsmaður í mötuneyti Störf í Flúðaskóla næsta skólaár

Næsta skólaár vantar okkur tvo stuðningsaðila til að starfa með okkur að umönnun nemenda. Starf stuðningsaðila er 100% starf sem felur aðallega í sér fylgd, umönnun og leiðbeiningu/þjálfun fyrir ákveðna einstaklinga.

Okkur vantar einnig manneskju í 40% starf í mötuneyti skólans. Vinnutími er frá 9:30 - 13:30 mánudaga, þriðjudaga, miðvikudaga og föstudaga. Starfið felst aðallega í undirbúningi og framreiðslu á mat fyrir nemendur og starfsfólk.

Umsækjendur þurfa að geta hafið störf 15. ágúst nk.

Áhugasamir hafi samband við skólastjóra í síma 486 6601 fyrir 25. maí nk.

Aðalfundur Nautgripærktarfélags Hrunamanna var haldinn þriðjudaginn 18. mars kl. 13.15 í Félagsheimili Hrunamanna.

Það helsta á fundinum sem kom fram:

Opin fjós voru í Dalbæ 1, Fossi og Skipholti 1 og var góð mæting.

Jón Viðar, Dalbæ 1, var endurkjörinn sem formaður og áfram verða Þórunn, Bryðjuholti, sem gjaldkeri og Esther, Sóheimum, sem ritari.

Meðalnýt árskúa í hreppnum 2002 var 5.405 kg. mjólk. Innlegg úr hreppnum í Mjólkurbú Flóamanna var 4.667.537 kg mjólk og fjöldi innleggjenda um áramót var 33. Meðalinnlegg allra búanna var 136.121 kg af mjólk en meðalinnlegg búa í skýrsluhaldi var 152.176 kg mjólk. Þátttaka í skýrsluhaldi m.v. innlegg var 82% og meðalnýting mjólkur var 94,4%.

Afurðahæsta búið 2002 var hjá Ragnari og Magnúsi í Birtingaholti 1 með 6.575 kg .

5 önnur bú í félaginu voru yfir 6000 kg en þau eru: Haukholt með 6.362 kg, Dalbær 1 með 6.131 kg, Túnsberg með 6.047, Sólheimar með 6.039 og Bryðjuholt með 6.021 kg.

Afurðahæstu kýrnar voru:

1. Búkolla 343 frá Birtingaholti 1. Hún mjólkaði 10.044 og MFP var 805 kg.
2. Mýsla 188 frá Kotlaugum. Hún mjólkaði 9.729 og MFP var 744 kg.
3. Ýta 191 frá Bryðjuholti. Hún mjólkaði 10.133 og MFP var 743 kg.

Búnaðarsamband Suðurlands veitir 21 af afurðahæstu búunum Suðurlands verðlaun og voru tvö þeirra í hreppnum: Annað afurðahæsta búið var Birtingaholt 1 og það fimmtánda var Haukholt. Þá fékk önnur afurðahæsta kýrin verðlaun en það var Búkolla frá Birtingaholti með 805 kg MFP og 10.044 kg mjólk.

Þá veitti Nautgripærktarfélagið einnig afurðahæsta búinu verðlaun, Birtingaholti 1 fyrir að vera með 6.575 kg mjólk á kú. Þá fékk efnilegasta kvígan Huppuhornið en það var Túrbó 212 frá

Kotlaugum. Svo fékk stigahæsta kýrin 2002 verðlaun en það var Tinna 371 frá Birtingaholti með 295 stig.

Páll Lýðsson sagði frá hvernig ritun bókarinnar gengi og óskaði eftir myndum af kúasýningum. 100 ára afmælishátíð félagsins er fyrirhuguð 1. nóvember.

Esther Guðjónsdóttir ritari.

Myndlistarsýning í golfskálanum. 6

Sýningin opnar 22 maí og stendur út júní.

Opnunartími alla daga frá 9-22

Sýnd verða verk sem unnin voru undir leiðsögn Katrínar Bríem nú í vetur.

Þetta er þriðja árið sem Katrín hefur kennt í skúrnum í Bjarkarhlíð og hefur hluti hópsins verið öll þrjú skiptin en aðrir að stíga sín fyrstu spor.

Þeir sem sýna eru:

Anna Magnúsdóttir, Helga Magnúsdóttir, Mildrid Irene Steinberg, Elín Guðfinnsdóttir, Skúli Gunnlaugsson, Jónína Kristbjörg Björnsdóttir og Dóra Mjöll Stefánsdóttir.

Sýndar verða olúmyndir og annað sem tengist verkefnavali vetrarins.

Hvernig væri að skreppa í kaffi og eða í mat og njóta myndlistar á sama tíma.?



Tankbíl til sölu.

Tilboð óskast í gamlan tankbíl frá slökkviliðinu, Bedford diesel árg. 1966, búinn 17000.ltr.vatnstanki. Tilboðum skal skilað á skrifstofu Hrunamannahrepps

fyrir 30. maí n.k..

Áskilinn er réttur til að taka hvaða tilboði sem er, eða hafna öllum.

Kveðja frá Hrafnkelsstöðum!

Kæru sveitungar,viðskiptavinir og aðrir velunnarar.

Ykkur sem heiðruðu okkur, á einn eða annan hátt,í tilefni 40 ára reksturs tamningastöðvarinnar,sem minnst var á sumardaginn fyrsta sl.færum við okkar bestu þakkir.

Karлакór og Edit, hafið kæra þökk fyrir ykkar þátt í gleðinni. Með sumarkveðju.

Hanna og Haraldur

Orðsending

Félagasamtök eða áhugamannahópar.

Vantar ykkur fjáröflunarleið?

Hún gæti falist í slætti á kirkjugarðinum í Hruna í sumar.

Vinsamlegast athugið málið.

Upplýsingar hjá Jóhönnu sími. 486-6687

eða Mörtu sími 486-6412

Er að leita logandi ljósi..... að appelsíngulri flíspeysu...og mosagrænni karlmannspeysu(tók í leyfisleysi hjá mínum) hef líklega skilið þær eftir hjá einhverri sem lagar gott kaffi – einhverntíma á síðasta vetri.

Vinsamlega látið í ykkur heyra ef þið rekist á peysurnar.

Með ósk um sumar með sól og birtu og yl

Stína kokkur

(samt með stálminni)

Tveir góðir til sölu!

Húsbíll, frambyggður rússi árg '75. Sjálfskiptur í toppformi. Verð 269.500 kr.

Toyota touring 4x4 station árg '89. Verð 149 þús
Upplýsingar í síma 486-6725.

Orðsending frá Búnaðarfélagi Hrunamanna.

Minum á tækjaleigu félagsins, sem verður með sama sniði og undanfarin ár.

Keypt hafa verið tvö ný tæki: Haugsuga og flaghefill.

Minum einnig á gömlu tækin: Steypuhrærivél,
loftunarrípper, tætarei (gamli), pinnatætarei,
plógur þrískeru, Plógur fjórskeru, loftpressa, haughræra,
kornskurðarvél, ýta.

Pantanir hjá:

Sigurði Ágústssyni í síma 486-6706 eða 894-1130

Sigurjóni Sigurðssyni í síma 486-6759 eða 893-5212

Grétari Skúlasyni í síma 486-6703 eða 894-7208

Ýtupantanir berist til Grétars.

KÖRFUBOLTAFRÉTTIR,

Þá er vertið körfuboltans í vetur að ljúka og sumarið tekið við. Keppt var í flestum flokkum þó ekki öllum.

Í HSK mótinu urðu minni bolta stelpur, minni bolta strákar og 10.fl karla HSK meistarar en 9.fl karla og 10.fl stúlkna eiga eftir leik þegar þetta er skrifað. 8.fl stúlkna lentu í 3. sæti.

Í Íslandsmóti urðu úrslit þessi, hjá þeim flokkum sem kepptu:

8.fl stúlkna 6.sæti

9.fl stúlkna 3.sæti.

Minni bolta stráka 4-5 sæti.

8.fl karla 3.sæti.

9.fl karla 6.sæti.

Hjá öllum þessum flokkum er eftir að halda slútt, en það verður gert mjög fljótlega og auglýst sérstaklega.

Krakkarnir hafa verið mjög dugleg að mæta á æfingar í vetur og staðið sig vel, en þó ber sérstaklega að minnast á minni bolta stelpur sem stóðu sig frábærlega. Í þeim flokki byrjuðu margar nýjar í haust og var gaman að sjá baráttuna hjá þessum hörku stelpum.

Minni bolta strákar voru mjög nálægt Íslandsmeistara titlinum en urðu að lúta í lægra haldi á endasprennum.

Þann 28.maí næstkomandi fara krakkarnir í 8.fl karla, 9.fl kvenna og 10.fl karla ásamt föruneysi til Gautaborgar að keppa á alþjóðlegu móti í körfubolta. Þar er mikil keppni og skemmtun í boði og óskum við þeim góðrar ferðar.

Mfl karla og kvenna héldu sitt slútt á dögnum því þjálfarinn (Siggi á Kotlaugum) var á leið til Svíþjóðar. Þar voru heiðruð körfuboltakona og karl ársins. Fyrir valinu urðu Bogi Pétur Eiríksson og Hrun Harðardóttir. Bogi Pétur skoraði flest stig í 2.deildinni í vetur enda feikna góður sóknarmaður. Hrun er mikill varnarjafi og skorar einnig mikið þegar hún dettur í þann haminn. Við óskum þeim til hamingju með titlana.

Einnig þökkum við Sigga fyrir veturinn, en hann gaf sig í það að stjórna bæði konum og körlum og er það nú ekki alltaf öfundsvort hlutverk.

Stjórn og þjálfarar þakka öllum þeim sem hafa aðstoðað við starfið í vetur kærlega fyrir.

Þar hafa margir lagt hönd á plóg við keyrslu, dómgæslu, stigavörslu og tímavörslu svo eitthvað sé nefnt.

Sjáumst kát og hress næsta haust, gleðilegt sumar!!! STJÓRNIN.

OPNUNARTÍMI ÍPRÓTTAHÚSSINS Í SUMAR.

Í MAÍ: MÁNUÐ – FIMMTUÐ. 17:00 – 22:00
FÖSTUDAGA 17:00 – 20:00.

FRÁ 1. JÚNÍ: MÁNUÐ – FIMMTUÐ 19:00 – 22:00
LOKAÐ FÖSTUÐ – SUNNUÐ.

Frá Félagi eldri Hrunamanna

Skemmtiferðin okkar verður farin 24. júní.
Farið verður norður í land. Fyrstu nóttina verður gíst að Húnavöllum, næstu nótt á Eddu hóteli á Akureyri og síðustu nóttina aftur á Húnavöllum.
Panta þarf fyrir 1. júní hjá Guðmundi í Akurgerði í síma 486-6619. Gíst verður í tveggja manna herbergjum, fólk þarf því að sameina sig í herbergi.
Verð á mann samtals í þrjár nætur ásamt 3. morgunverðum og 3. kvöldverðum alls kr. **14.925.**
Rúta er ekki innifalin í verði.
Aukagjald fyrir eins manns herbergi kr. 3.600.
Vonumst eftir góðri þátttöku svo ekki þurfi að hætta við ferðina.

Stjórnin.

Frá markaverði Árnassýslu.

Eigendaskipti á marki no 852 í markaskrá Árnassýslu.

Sýlt hægra. Stig aftan, fjöður aftan vinstra
Brennimark. Haukh. Bæjarnúmer 82 A7
Eigandi: Ólafur Bjarni Sigursveinsson Haukholtum.

Nýtt mark:

Sýlt, fjöður framan hægra. Stig aftan, fjöður aftan vinstra.

Brennimark. Haukh. Bæjarnúmer 82 A7
Eigandi: Loftur Þorsteinsson Haukholtum.
Markavörður Árnassýslu.
Arnór Karlsson
Bjarkarbraut 10 Reykholti
801 Selfoss.

Skeljasandur!

Tek að mér að útvega harpaðan skeljasand í Árnassýslu í lausu og í stórsekkjum!
25 tonn af lausum sandi í ferð.
Frá 1. tonni og allt upp í 25 tonn í stórsekkjum.
Innifalið í verðinu er skeljasandur, stórsekkur og flutningur (án vsk).

<u>Hreppar</u>	<u>Í lausu</u>	<u>Í sekkjum.</u>
Uppsveitir	1.912	2.712
Skeið	1.756	2.508
Lágsveitir	1.652	2.372
Grímsnes	1.600	2.304

Nánari upplýsingar gefur Pálmar Þorgeirsson hjá **Flúðaleið ehf.** á Flúðum.

Í síma 486-6685

Farsími. 892-2370

Fax. 486-6693

Netfang. Fludal@binet.is

Árið 2003, 7. maí kl. 14.00 hófst fundur í Hreppsnefnd Hrunamanna-hrepps. Fundurinn var haldinn í fundarsal hreppsnefndar Akurgerði 6. Eftirtaldir sátu fundinn; Sigurður Ingi Jóhannsson, Eiríkur Ágústsson, Ragnar Magnússon, Borgþór Vignisson og Unnar Gíslason og sveitarstjóri Ágúst Kr. Björnsson.

Oddviti setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna. Oddviti óskaði eftir athugasemdum við fundarboð. Engar athugasemdir voru gerðar við fundarboð.

Oddviti bar fram dagskrárbreytingartillögu þess efnis að á boðaða dagskrá bætist liðurinn Aðalfundur Límtrés haldinn 13. maí nk. og verði nr. 23 í boðaðri dagskrá. Samþykkt samhljóða.

Kjörskrá Hrunamannahrepps v. Alþingiskosninga 10. maí 2003.

Kjörskráin lögð fram og samþykkt.

Fundur leikskólanefndar haldinn 23. apríl 2003.

Fundargerðin lögð fram.

4. fundur byggingarnefndar haldinn þann 22.04.2003.

Fundargerðin lögð fram og samþykkt.

Fundargerð Oddvitaráðsfundar haldinn að Borg 7. apríl 2003.

Oddviti gerði grein fyrir fundargerðinni. Fundargerðin lögð fram.

Fundur U.S.U. nefndar 28. apríl 2003 og 5. maí 2003.

Fundargerð frá 28. apríl lögð fram.

Varðand dagskrárlíð nr. 1 í fundargerð frá 5. maí er sveitarstjóra falið að rita forsvarsmönnum veiðifélagsins á Seyði bréf vegna afgreiðsluna.

Í fundargerð frá 5. maí leggur nefndin fram tillögu að samgöngubótum innan hreppsins og forgangsröðun þeirra, skv. ósk hreppsnefndar. Nokkrar umræður urðu um tillögur USU nefndar. Sveitarstjóra og oddvita falið að fullvinna tillögur nefndarinnar og koma þeim til SASS.

Fundargerð frá 5. maí 2003 lögð fram.

Minnisblað sveitarstjóra frá Landgræðslufundi 28. apríl 2003.

Oddviti gerði grein fyrir fundinum. Hann lagði til að skipaður yrði samstarfshópur um landgræðslumál. Í hópinn verði skipaðir allir aðalmenn Landbúnaðarnefndar, einn fulltrúi USU nefndar og að óskað yrði tilnefningar á einum fulltrúa frá hverju eftirtalinnna félaga, Sauðfjárræktarfélagi Hrunamannahrepps, Kiwanisklúbbnum Gullfossi og frá ferðafélaginu Fannari. Hreppsnefnd er sammála um að skipa Unnstein Hermannsson formann samstarfshópsins. Samþykkt samhljóða.

20. verkfundur vegna byggingar leikskóla.

Fundargerðin lögð fram.

Staða framkvæmda við byggingu leikskóla.

Sveitarstjóri gerði grein fyrir verkfundi 20 og lagði fram afrit af verkfundargerð 21 og minnisblað nr. 10. Hreppsnefnd lýsir yfir þungum áhyggjum vegna framvindu og gangi máli við byggingu leikskóla og felur sveitarstjóra að fylgjast áfram náið með framvindu verksins.

Skýrsla vímuvarnefndar sem starfaði á síðasta kjörtímabili.

Fyrir fundinum liggur skýrsla Ástu Oddleifsdóttur um starf vímuvarnarhóps sem starfaði á síðasta kjörtímabili.

Oddviti gerði grein fyrir skýrslunni. Þar kemur fram að mati hópsins að veigamikil forsenda fyrir starfinu er góð samvinna við grunnskólann og starfsmenn hans. Oddviti lagði til að kannað yrði sérstaklega innan grunnskólans og fræðslunefndar á hvern hátt þetta samstarf yrði mótað til að tryggja árangur vímuvarnarstarfsins. Þegar fyrir liggur afstaða forsvarsmanna grunnskólans og fræðslunefndar verður tekin ákvörðun um framhald málsins. Samþykkt samhljóða.

Dagskrá opins sveitarfundar.

Hreppsnefnd er sammála um að á opnum sveitarfundi verði eftirfarandi dagskrá;

1. Ársreikningur ársins 2002.
2. Fjárhagsáætlun ársins 2003 og þriggja ára áætlun 2004-2006.

3. Vinna við aðalskipulag Hrunamannahrepps.
4. Opnun á heimasíðu Hrunamannahrepps.

Hreppsnefnd er sammála um að fresta fundinum til 5. júní þar sem vinnu við ársreikning ársins 2002 er ekki lokið.

Bréf stjórnar Karla-kórs Hrunamanna 22. mars 2003, beiðni um styrk.

Oddviti lagði til að styrkja kórinn sem nemur kostnaði vegna húsaleigu við æfingar í Félagsheimili Hrunamanna.

Samþykkt samhljóða.

Bréf frá Skálholtskór, ódagsett – beiðni um styrk.

Hreppsnefnd er sammála um að hafna þessari beiðni. Sveitarstjóra falið að svara erindinu.

Áætlun um úthlutun framlaga úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga á árinu 2003.

Lagt fram.

Tvær ályktanir fulltrúaráðs Sambands ísl. sveitarfélaga frá 63. fulltrúaráðsfundi haldinn þann 10. apríl 2003 – sameining sveitarfélaga og endurskoðun á tekjustofnum sveitarfélaga.

Lagt fram.

226., 227., og 228 fundur Atvinnuþróunarsjóðs Suðurlands haldnir 21. mars 2003 og 11. apríl 2003.

Fundargerðirnar lagðar fram.

23. aðalfundur Atvinnuþróunarsjóðs Suðurlands haldinn 21. mars 2003.

Fundargerðin lögð fram.

Fundargerð aðalfundar Sorpstöðvar Suðurlands haldinn 23. apríl 2003.

Fundargerðin lögð fram.

102., og 103. fundur stjórnar Sorpstöðvar Suðurlands haldinn 2. apríl og 8 apríl 2003.

Fundargerðirnar lagðar fram.

Tillaga að nýjum samþykktum fyrir Sorpstöð Suðurlands bs.

Oddviti lagði til að samþykkja fyrirbyggjandi tillögu að nýjum samþykktum fyrir Sorpstöð Suðurlands.
Samþykkt samhljóða.

62., og 63. stjórnarfundur Skólaskrifstofu Suðurlands haldinn 26. mars og 14. apríl 2003.

Fundargerðirnar lagðar fram.

364. stjórnarfundur SASS haldinn 2. apríl 2003.

Fundargerðin lögð fram.

54. fundur Heilbrigðisnefndar Suðurlands haldinn 23. apríl 2003.

Fundargerðin lögð fram.

Aðalfundur Límtrés 13. maí nk.

Hreppsnefnd er sammála um að Ágúst Kr. Björnsson sveitarstjóri fari á fundinn og hafi þar fullt og ótakmarkað umboð hreppsnefndar til að koma fram fyrir hönd Hrunamannahrepps.

Lagt fram afrit rafpósti frá Atvinnuþróunarsjóð Suðurlands þar sem minnt er á Bygðastofnun hefur auglýst til umsóknar hlutafjárstýri að fjárhæð 350 milljónir kr. til nýsköpunar- og sprotafyrirtækja á landsbyggðinni.

Fundargerð upplesin. Oddviti óskaði eftir athugasemdum við fundargerð. Engar athugasemdir gerðar. Fundargerð samþykkt, fundi slitið kl. 16:10.

Orðsending frá mömmum og pabba í 9. bekk Flúðaskóla.

Fyrir hönd 9. bekkjar viljum við byrja á því að þakka þeim fjölmörgu sem hafa stutt okkur við fjáröflun bekkjarins í vetur. Einkum viljum við þakka þeim sem nýttu sér þjónustu bekkjarins við bílaþvottinn síðasta haust og þeim sem auglýstu í leikskrá árshátíðarinnar í febrúar síðastliðnum. Við viljum í leiðinni biðja þá sem enn eiga eftir að greiða auglýsinguna að gera það hið fyrsta.

Ástæðan fyrir þessari fjáröflun 9. bekkjar er sú að verið er að safna fyrir ferð til Danmerkur. Ákveðið var fyrir rúmu ári að fara í bréfasamskipti á netinu við nemendur í skóla sem er rétt hjá Árósum. Anna dönskukennari hefur haft umsjón með þessari samvinnu. Nemendur 9. bekkjar eru búnir að skrifast á við þau í vetur og rétt fyrir páska komu Danirnir í heimsókn til okkar og voru hjá okkur í nærri því viku. Síðan á að endurgjalda heimsóknina í lok ágúst og dvelja hjá þeim í skólanum í nokkra daga.

Næsta vetur verður svo unnið meira í skólanum út frá þessum samskiptum og ætlunin að halda myndasýningu og kynningu á ferðinni.

Framundan hjá okkur í sumar eru því ýmsar uppákomur, tengdar fjáröflun. Við ætlum að feta svipaðar götur og skólakórinn hefur gert í sinni fjáröflun. Við ætlum að selja salernispappír nú á næstu dögum. Einnig munum við upp úr miðjum mánuði í maí, júní, júlí og ágúst, keyra í hús og safna flöskum og dósum. Þar að auki ætlar fjáröflunarnefndin að taka þátt í Iðandi dögum með tombólum og happdrættum.

Með þessum orðum langar okkur að biðja þig að taka vel á móti 9. bekk og nýta þér þjónustuna sem þau munu bjóða og taka jafnframt þátt í gleði og leik á Iðandi dögum með okkur.

Með fyrirfram þökk fyrir jákvæðar móttökur.

SILAWRAP

RÚLLUPLAST , GARN OG NET .

Verð með , líkt og í fyrrasumar plast garn og net frá Vélum & Þjónustu .

Frítt heim í hlað ef pantað er fyrir 30.maí.

Verð og kjör :

Plast 50 cm 4.500.

Plast 75 cm 5.500.

Bindinet 3000m 15.600.

Rúllugarn 2.750.

3% brettafláttur

5% ef keypt er meira en eitt bretti

5% staðgreiðsluafsláttur

Jón Viðar Dalbæ 1

S : 898 - 1468

Er að leita logandi ljósi..... að appelsingulri flíspeysu...og mosagrænni karlmannspeysu(tók í leyfisleysi hjá mínum) hef líklega skilið þær eftir hjá einhverri sem lagar gott kaffi – einhverntíma á síðasta vetri.

Vinsamlega látið í ykkur heyra ef þið rekist á peysurnar.

Með ósk um sumar með sól og birtu og yl

Stína kokkur

(samt með stálminni)

350 milljónir til hlutafjárkaupa í fyrirtækjum á landsbyggðinni.

Ástæða er til að minna sérstaklega á að Bygðastofnun hefur auglýst 350 milljónir kr. til hlutafjárkaupa í fyrirtækjum á landsbyggðinni. Rétt er að beina því til allra þeirra aðila sem reka fyrirtæki að skoða hvort þessi leið gæti hentað.

Á fundi ríkisstjórnar Íslands þann 11. febrúar 2003 var ákveðið að verja 700 milljónum króna til atvinnuþróunarverkefna á landsbyggðinni. Þar af hefur Bygðastofnun verið falið að annast úthlutun á 500 milljónum króna. Í fyrsta áfanga verkefnisins verður 350 milljónum króna varið til kaupa á hlutafé í álitlegum sprotafyrirtækjum og nýsköpunarfyrirtækjum í skýrum vexti og auglýsir stofnunin umsóknarfresti frá og með 1. maí 2003.

Bygðastofnun mun fjárfesta í nýsköpunar- og sprotafyrirtækjum í höfuðatvinnugreinunum, sjávarútvegi, iðnaði, landbúnaði og ferðaþjónustu, ásamt tengdum greinum. Tekið verður á móti umsóknum frá og með 1. maí 2003 til 31. ágúst 2003 eftir því sem hér segir:

Á tímabilinu **1. maí til 30. júní** á sviði sjávarútvegs og tengdra greina.

Á tímabilinu **1. júní til 31. júlí** á sviði iðnaðar, landbúnaðar, líftækni, upplýsingatækni og tengdra greina.

Á tímabilinu **1. júlí til 31. ágúst** á sviði ferðaþjónustu og tengdra greina.

Hlutafjárkaup geta í einstökum verkefnum orðið að hámarki 50 milljónir króna en þó ekki yfir 30% af heildarhlutafé í hverju verkefni.

Sérfræðingar Bygðastofnunar munu meta umsóknir og gera tillögur í einstökum málum til stjórnar sem taka mun ákvörðun um hlutafjárkaup. Leitast verður við að svara umsækjendum innan 45 daga frá því að umsóknartímabili vegna einstakra atvinnugreina er lokið. Umsóknareyðublöð og nánari upplýsingar um reglur um

úthlutun og meðferð umsókna, ásamt nauðsynlegum fylgigögnum, er að finna á heimasíðu Bygðastofnunar. Jafnframt mun Atvinnuþróunarsjóður Suðurlands veita nauðsynlega aðstoð við gerð umsókna.

Ágúst Kr. sveitarstjóri.

Kæru sveitungar og fyrrverandi kórfélagar,
Það væri gaman að sjá ykkur sem flest á tónleikum kórsins míns á Selfossi.

Ég bið kærlega að heilsa í sveitina.

Eva Ulrika

Tapað armband.

Silfurritað segularmband tapaðist á Flúðum í mars.

Finnandi vinsamlegast hafið samband við

Ingibjörgu í síma 486-6617.

Er að leita logandi ljósi..... að appelsínugulri flíspeysu...og mosagrænni karlmannspeysu(tók í leyfisleysi hjá mínum) hef líklega skilið þær eftir hjá einhverri sem lagar gott kaffi – einhverntíma á síðasta vetri.

Vinsamlega látið í ykkur heyra ef þið rekist á peysurnar.

Með ósk um sumar með sól og birtu og yl

Stína kokkur

(samt með stálminni)

SILAWRAP

RÚLLUPLAST , GARN OG NET .

Verð með , líkt og í fyrrasumar plast garn og net frá Vélum & Þjónustu .

Frítt heim í hlað ef pantað er fyrir 30.maí.

Verð og kjör :

Plast 50 cm 4.500.

Plast 75 cm 5.500.

Bindinet 3000m 15.600.

Rúllugarn 2.750.

3% brettafláttur

5% ef keypt er meira en eitt bretti

5% staðgreiðsluafsláttur

Jón Viðar Dalbæ 1

S : 898 - 1468